

The logo for RORUM, consisting of the word "RORUM" in a bold, white, sans-serif font centered within a solid black rectangular background.

Þjónusta RORUM fyrir sveitarfélög

Stafrænt skipulag

Sveitarfélög þurfa skv. lögum að skila aðalskipulagi inn á landupplýsingaformi. Aðalskipulag, og seinna deiliskipulag, verður af þeim sökum bæði til á pappírsuppdrætti og sem landupplýsingagögn.

RORUM býður upp þjónustu við að færa skipulag af pappír eða CAD formi og yfir á landupplýsingaform með því að:

- Færa gögn yfir af pappír eða CAD og yfir á landupplýsingaform.
- Færa inn upplýsingar úr skipulagsgreinargerð
- Setja aðalskipulag upp í vefsjá.

Það er margt sem þarf að huga að þegar aðalskipulag er unnið á landupplýsingaformi. RORUM veitir ráðgjöf við ferlið, hvað ber að varast og hvaða tæknilegu atriði þarf að huga að (svo sem göt, grannfræðireglur, prófun á gögnum og svo framvegis).

Landupplýsingar í stefnumótun og rekstri sveitarfélags

Notkun landupplýsinga í daglegum rekstri og stefnumótun stofnana og sveitarfélaga færist sífellt í vöxt.

Kostir þess að nýta landupplýsingar við stefnumótun eru margir og landfræðilegar greiningar má nýta til að fá svör við fjölbreyttum spurningum. RORUM býður upp á þjónustu við það.

Hægt er að vinna ýmsar greiningar, t.d. staðarvalsgreiningar, búsetugreiningar, þróun á landnotkun og fleira sem nýst getur við stefnumótun og skipulagsvinnu.

- RORUM býður sveitarfélögum ýmsa landupplýsingaþjónustu á góðum kjörum.

Nánari upplýsingar eru í viðhengi og á heimasíðu RORUM (www.rorum.is) og á Facebook síðu fyrirtækisins (<https://www.facebook.com/rorumehf>).

Verkefnisstjóri landupplýsing hjá RORUM er Adam Hoffritz, netfang hans er ah@rorum.is.